



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 15. mars 2019
Tilv.: FOR19010194/9.1.6

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 11. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tilkynningu Rauðakambs ehf. um fyrirhugaða uppbyggingu á hóteli og baðstað í Reykholti í Þjórsárdal.

Ráðuneytið gerir eftirfarandi athugasemdir við tilkynninguna:

Í kafla 2.4.5 greinargerðar með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu (hér eftir nefnd greinargerðin) er fjallað um ráðstöfun efnis úr uppgreftri. Ráðuneytið bendir á að skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 þarf leyfi ráðherra til að nýta námur og önnur jarðefni innan Þjóðlendna. Verði farið í efnistöku svæðinu þarf leyfi ráðherra skv. ofangreindu lagaákvæði. Í kafla 3.5 greinargerðarinnar er fjallað um leyfi sem umrædd framkvæmd í Þjórsárdal er háð. Í þeim kafla þarf að geta leyfisveitingar forsætisráðuneytisins. Ráðuneytið telur jafnframt að í kafla 3.6. greinargerðarinnar megi gera betur grein fyrir eignarhaldi á landi en hið fyrirhugaða uppbyggingarsvæði er innan Þjóðlendu sem nefnist Búrfells- og Skeljafellsland.

Í Þjórsárdal eru fornminjar sem hafa minja- og varðveislugildi. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur skoðaði minjar á svæðinu við gerð deiliskipulags. Í niðurstöðum hans kemur fram að minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu í hæsta minja- og varðveisluflokki og þrjár fornleifar teljast að hans mati vera í talsverðri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Gæta þarf að því að verðmætum fornleifum sé ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í greinargerðinni kemur fram að svæði B er á gervígígasvæði sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Ráðuneytið leggur til að önnur staðsetning verði fundin fyrir svæði B og allt verði gert til þess að komast hjá raski á gervígígum á svæðinu.

Gera þarf betur grein fyrir því hvernig lögnum fyrir vatn og fráveitur, safntönkum fyrir svokallað svartvatn og siturbeðum fyrir svokallað grávatn verði komið fyrir á framkvæmdasvæðinu.

Mismunandi valkostir eru fyrir staðsetningu gatnamóta frá Þjórsárdalsvegi að Rauðakambi. Í greinargerðinni er gerð grein fyrir tveimur valkostum. Ekki er gerð nægjanleg grein fyrir völdum kosti.

Í Þjórsárdal má sjá merki gamallar eldstöðvar, Þjórsárdalseldstöðvarinnar, og hefur askja eldstöðvarinnar legið u.þ.b. þar sem Þjórsárdalur er nú. Mikilvægt er að halda ummerkjum hinnar fornu eldstöðvar og dalsins óröskuðum eins og kostur er.

Fjallað er um aðra valkosti á svæði A, í kafla 2.5.2 í greinargerðinni. Þar segir m.a. að annar valkostur sem framkvæmdaraðili hafi skoðað fyrir uppbyggingu hótels og baðstaðar sé á því svæði þar sem núverandi laug og byggingar eru staðsettar. Svæðið liggja sunnan við fyrirhugaðan byggingarreit og að sú staðsetning valin megi gera ráð fyrir auknum áhrifum á landslag og ásýnd vegna aukins sýnileika, þar sem byggingin standi á opnu svæði í stað þess að vera að stærstum hluta felld inn í Rauðukamb. Ráðuneytið tekur ekki undir þessi sjónarmið og telur að áhrifa á landslag og ásýnd vegna aukins sýnileika muni alltaf gæta á svæðinu óháð því hvaða valkostur er valinn fyrir svæði A.

Umhverfisstofnun ásamt Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur kynnt áform um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal sem nær m.a. til Gjárinnar og Háafoss og nágrennis, í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ekki er búið að afmarka endanlega það svæði sem skal friðlýsa í dalnum. Huga þarf að því hvornig hin fyrirhugaða uppbygging samræmist fyrirhugaðri friðlýsingu Þjórsárdals.

Niðurstaða:

Ráðuneytið tekur ekki endanlega afstöðu til framkvæmdarinnar á þessu stigi, enda liggur ekki fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdarinnar eða niðurstaða mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, ef niðurstaðan verði sú að hin fyrirhugaða framkvæmd sé matskyld. Þá liggur ekki fyrir niðurstaða umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, um friðlýsingu á svæðinu og hvaða skilmálar munu gilda um hið friðlýsta svæði.

Þrátt fyrir það telur ráðuneytið að sá valkostur sem gerir ráð fyrir uppbyggingu á svæði þar sem núverandi laug og byggingar standa sé sá kostur sem rétt sé að líta sérstaklega til ef vilji er til uppbyggingar á hóteli og baðstað í Þjórsárdal, þar sem hann gerir ráð fyrir uppbyggingu á þegar röskuðu svæði. Með því er komið í veg fyrir að Rauðakambi sé raskað, en hann er ósnortin landslagsheild og kennileiti í Þjórsárdal.

Fyrir hönd ráðherra

Regína Sigurðardóttir
Regína Sigurðardóttir

Sigurður Örn Guðleifsson
Sigurður Örn Guðleifsson

Ljósrit: Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík